

Fréttabréf

# Lífeyrisdeildar Sameykis

1. tbl. 8. árg. febrúar



## Hvað er stafræn hæfni?

### - Námskeið fyrir félaga í lífeyrisdeild

Grettisgötu 89, 1. hæð, fimmtudaginn 19. mars kl. 13-15  
Leiðbeinandi: Atli Thor

Á þessu praktíska námskeiði „Stafræn hæfni“ skerpum við á kunnáttu og viðhorfi til daglegra notkunar tæknilausna. Markmiðið er að efla öryggi, gagnrýni og getu til að beit tækni á skilvirkan hátt í daglegu starfi

Farið verður yfir fjóra flokka „Öryggi“, „Framkvæmd“, „Samskipti“ og „Upplýsingar.“

[Skráning á námskeiðið hér](#)

## Gönguhópur Lífeyrisdeildar

Göngur um Fossvogskirkjugarð eru **síðasta fimmtudag í mánuði klukkan 10:00.**

Pétur Ásbjörnsson stýrir göngunum og er með mismunandi þema fyrir hverja göngu.

Gönguferðirnar hefjast fyrir framan Fossvogskirkju. Félagar í deildinni eru hvattir til þess að mæta á staðinn og taka þátt.

# Ný stjórn skipuleggur starfið á nýju ári



*Kári Sigurðsson, formaður Sameykis ásamt stjórn Lífeyrisdeildar Sameykis f.v. Hildur Gunnarsdóttir, Þórdís Richter, Marías Sveinsson, Hafdís Vilhjálmsdóttir, Sveinn Pálsson og Emilía Guðrún Jónsdóttir. Pétur Ásbjörnsson vantar á myndina.*

Stjórn Lífeyrisdeildar hefur fundað reglulega frá síðasta aðalfundi deildarinnar. Stjórnir Sameykis og Lífeyrisdeildarinnar funduðu í byrjun janúar. Þar var farið yfir fyrirhugaðar breytingar sem stjórn Sameykis hefur tekið ákvörðun um. Ákveðið hefur verið er að stjórn Lífeyrisdeildarinnar fá ákveðna upphæð til reksturs deildarinnar og að stjórnin geti tekið ákvarðanir um hvernig þeim fjármunum verði varið. Stjórn Lífeyrisdeildar hefur verið að fara yfir og skipuleggja starfið í samræmi við nýjar áherslur stjórnar Sameykis.

## Aðalfundur Lífeyrisdeildar Sameykis

Þriðjudaginn **14. apríl** kl. 13 að Grettisgötu 89, 1. hæð.

Formaður Sameykis **Kári Sigurðsson** flytur stutt ávarp.

### Dagskrá aðalfundar samkvæmt starfsreglum deildarinnar.

1. Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um starfsemina á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar deildarinnar fyrir sl. ár.
3. Gerð grein fyrir störfum og reikningum símenntunarsjóðs.
4. Tekin ákvörðun um tillögur til breytinga á starfsreglum deildarinnar.
5. Kosið í stjórn á oddaári: *á ekki við á þessu ári.*
6. Önnur mál.

# Sumarferðir lífeyrisdeildar 2026



Í sumar verður boðið upp á ferðir á **Snæfellsnes** undir leiðsögn Harðar Gíslasonar. Hægt verður að velja á milli 3ja dagsetninga, þriðjudaginn 23. júní fimmtudaginn 25. júní og þriðjudaginn 29. júní.

Keyrt verður í Borgarnes og út á Snæfellsnes þar sem áhugaverðir staðir verða skoðaðir. Á Narfeyrarstofu í Stykkishólmi verður boðið upp á

rjómalagaða sveppasúpu og brauð í hádeginu. Við munum dvelja í Stykkishólmi og skoða fallegt umhverfi þar. Í lok dags verður boðið upp á kvöldverð á Hótel Hamri í Borgarfirði. Nánari lýsing á ferð verður komin á vefinn fyrir 13. apríl þegar skráning hefst.

Félagsfólk má bjóða með sér einum gesti. Verð er 9.000 kr. á mann með öllu inniföldu. Miðasala í ferðir hefst 13. apríl og er hægt að kaupa miða í ferð á orlofsvef eða smella [hér](#).

## Orlofshús og orlofstilboð



Félagar í Lífeyrisdeild geta sótt um orlofshús í sumar, fyrir utan 7 vikna tímabili yfir hásumarið þegar flestir sem eru í starfi sækjast eftir orlofshúsum. Þetta verður á tímabilinu 19. júní – 7. ágúst 2026. Ef það eru laus hús eftir að úthlutun lýkur hefur fólk í Lífeyrisdeild sama rétt og annað félagsfólk til þess að bóka orlofshús. Önnur tímabil standa

félögum í Lífeyrisdeild Sameykis opin.

Félagsfólk í lífeyrisdeild getur leigt sér orlofshús yfir vetrartímann virka daga í Vaðnesi og Munaðarnesi á tilboðsverði, 2.500 kr. nóttina frá mánudegi til föstudags.

Til þess að fá þennan afslátt þarf að hafa samband við skrifstofu í síma 525 8330.

Á orlofsvef Sameykis er einnig hægt að kaupa gjafabréf í flug, ferðaávisanir, veiðikort og fleira. Við hvetjum ykkur til að fylgjast með á orlofsvef Sameykis.

# Símenntunarsjóður lífeyrisdeildar

Félagar í lífeyrisdeild Sameykis hafa aðgang að sérstökum símenntunarsjóði. Hægt er að sækja um styrki vegna námskeiða og fræðslu. Greiddir eru styrkir úr sjóðnum tvisvar á ári það er 15. maí og 15. nóvember.



**Frestur til að senda inn umsóknir í vor er 10. maí.**

Félagsfólk getur fengið að hámarki 32.000 kr. styrk yfir almanaksárið samkvæmt framlögðum gildum kvittunum með kennitölu félagsmanns og fræðsluaðila. Greiðslur geta þó orðið lægri ef umsóknir eru margar. Ekki er greitt fyrir námskeið meira en ár aftur í tímann. Sótt er um á [vef Sameykis](#)

## GOTT AÐ VITA – Fyrir alla

Gott að vita námskeið Sameykis standa öllu félagsfólk til boða. Við hvetjum félagar í lífeyrisdeildinni til að kynna sér hvað er í boði. Upplýsingar má finna bæði í tímariti Sameykis eða [hér](#)

## Skráning í lífeyrisdeild

Nauðsynlegt er að skrá sig í lífeyrisdeildina þegar fólk hættir störfum. Það gerist ekki sjálfkrafa. Hægt er að skrá sig á **vefsíðu félagsins undir lífeyrisdeild**. Endilega látið vini og félagar sem eiga rétt á aðild vita, ef þeir hafa ekki skráð sig.



Fréttabréf lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu  
Áb.maður: Kári Sigurðsson - Umsjón: Jakobína Þórðardóttir  
Útgefandi: Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu  
Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík - 5258330 - [sameyki@sameyki.is](mailto:sameyki@sameyki.is)